

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa á fiskveiðiárinu 2013/2014.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um úthlutun aflaheimilda samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

2. gr.

Heimilt er að úthluta allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á fiskveiðiárinu 2013/2014 sem skiptast þannig: september 10 lestir, apríl 20 lestir, maí 40 lestir, júní 70 lestir, júlí 90 lestir og ágúst 70 lestir. Komi ekki til úthlutunar viðmiðunarafla hvers mánaðar bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta mánaðar. Heimildir sem ekki hefur verið úthlutað 31. ágúst 2014 falla niður.

Heimilt er gegn greiðslu gjalds að úthluta aflaheimildum á skip, sem leyfi hefur til frístundaveiða, sbr. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda samkvæmt reglugerð þessari og skal hverju skipi úthlutað að hámarki 2 lestum hverju sinni. Fiskistofa skal afgreiða umsóknir þannig að umsóknir sem berast fyrir kl. 16 hvern virkan dag skulu afgreiddar næsta virka dag. Berist umsókn eftir kl. 16 að telja hana til umsókna næsta dags. Ef aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru nægja ekki til úthlutunar í samræmi við umsóknir þess dags skal umbeðið magn, sem fram kemur í umsóknum, lækkað hlutfallslega.

Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Hafi viðskipti með aflamark ekki átt sér stað síðasta virka dag áður en umsókn barst Fiskistofu skal miða við þann dag sem viðskipti fóru síðast fram fyrir þann tíma. Hafi gjald ekki verið greitt innan sjö daga frá því að umsókn barst Fiskistofu fellur réttur útgerðar til úthlutunar á grundvelli umsóknarinnar niður.

3. gr.

Aflaheimildir sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari er einungis heimilt að nýta til frístundaveiða. Heimilt er að flytja af frístundaveiðiskipi 50% af aflaheimildum sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari og eru þær eingöngu framseljanlegar á milli frístundaveiðiskipa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. september 2013 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. ágúst 2013.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Hrefna Karlsdóttir.

Arnór Snæbjörnsson.